

Föstudaginn 3 nóv. 1933.

Nr. 20/1933. **Stjórn vörubílastöðvar Reykjavíkur**

(Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

Guðjóni Þorbergssyni

(Garðar Þorsteinsson).

Bætur fyrir uppsögn á vinnusamningi.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. jan. 1933: Stefnd, stjórn Vörubílastöðvarinnar í Reykjavík, greiði fyrir stöðvarinnar hönd stefnandanum, Guðjóni Þorbergssyni, kr. 1050,00 með 5% ársvöxtum frá 29. jan. 1932 til greiðsludags og kr. 150,00 í málskostnað, innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Eins og segir í hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi var stefndi, er hann réðst í þjónustu áfrýjanda, forstöðumaður Litlu-Vörubílastöðvarinnar með þeim ráðningarkjörum, að hann hafði 350 króna mánaðarkaup og þriggja mánaða uppsagnarfrest, og byggir hann dómkröfu sína í málinu á því, að þessi ráðningarsamningur hafi yfirfærst á áfrýjanda og hafi hann því átt rétt á að fá þriggja mánaða uppsagnarfrest. En þessu hefir verið mótmælt og er það eigi sannað, að áfrýjandi hafi tekið á sig neinar skuldbindingar Litlu-Vörubílastöðvarinnar gagnvart stefnda aðrar en þær, að sjá honum fyrir atvinnu og 350 kr. mánaðarkaupi, mánuðina apríl til júní 1933 eða í þrjá mánuði meðan uppsagnarfresturinn samkvæmt samningi stefnda við Litlu-Vörubílastöðina var að renna.

Hinsvegar hafði áfrýjandi heldur eigi sannað, að stefndi hafi í upphafi verið ráðinn með þeim

kjörum að segja mætti honum upp stöðunni fyrirvaralaust að liðnum þessum þremur mánuðum. En af fundargerð stjórnar Vörubílastöðvar Reykjavíkur 27. júní s. á. má ráða það, að nýr ráðningarsamningur milli málsaðilja hafi hafizt, er stefndi hefir starfað eftir frá 1. júlí s. á., og má eftir upplýsingum þeim, sem fyrir hendi eru, gera ráð fyrir að stefndi hafi með þessum samningi verið ráðinn um óákveðinn tíma með 350 króna mánaðarkaupi, og verður samkvæmt því að líta svo á, að honum hafi borið uppsagnarfrestur. Stefndi starfaði hjá áfrýjanda sem aðstoðarafgreiðslumaður við bifreiðastöðina og þar sem eigi er upplýst, að myndast hafi nein föst venja um uppsagnarfrest í slíkum vinnusamningum verður að telja eins mánaðar uppsagnarfrest nægilegan og að stefndi hafi því eigi átt rétt á lengri fresti. Og með því nú að áfrýjandi hefir eigi fært neinar sönnur á það, að stefndi hafi vanrækt starf sitt eða hafst neitt það að, er réttlætt geti að hann var sviftur stöðunni fyrirvaralaust, þá ber að dæma áfrýjanda til að greiða honum eins mánaðar kaup, 350 kr. með 5% vöxtum frá sátta-kæruðegi 29. jan. 1932 til greiðsludags, en að öðru leyti á áfrýjandi að vera sýkn af kaupkröfu stefnda.

Eftir atvikum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda 100 kr. upp í málskostnað fyrir undirrétti og hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, stjórn Vörubílastöðvar Reykjavíkur, greiði stefnda, Guðjóni Þorbergssyni, 350 kr. með 5% ársvöxtum frá 29. jan. 1932 til greiðsludags og ennfremur 100 kr. upp í málskostnað fyrir undirrétti og hæstarétti.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 4. febr. s. l., af Guðjóni Þorbergssyni hér í bæ gegn stjórn Vörubílastöðvarinnar í Reykjavík fyrir stöðvarinnar hönd, til greiðslu skuldar að upphæð 1050,00 með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi 29. jan. f. á. til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Málavextir eru þeir, að í byrjun aprilmánaðar árið 1931 voru allar vörubílastöðvar hér í bænum sameinaðar í eina stöð, undir nafninu „Vörubílastöðin í Reykjavík“. Meðal þeirra stöðva, sem þá hættu að starfa sem sjálfstætt fyrirtæki, en runnu í nefnda stöð, var „Litla Vörubílastöðin“, hér í bæ, en hjá henni hafði stefnandi starfað alllengi sem stöðvarstjóri eða afgreiðslumaður með þeim ráðningarkjörum, að hann fékk 350 króna kaup á mánuði og átti heimtingu á þriggja mánaða uppsagnarfresti. Er Litla Vörubílastöðin hætti „fékk stefnandi afgreiðslumannsstarf hjá „Vörubílastöðinni í Reykjavík“, og starfaði þar síðan, þangað til 1. dezember 1931, en þá var honum sagt upp starfinu fyrirvaralaust. Telur stefnandi, að uppsögn þessi hafi verið algerlega ástæðulaus og óheimil, þar sem fyrri ráðningarsamningurinn hafi yfirfærst á nýju stöðina. Hafi honum því borið hjá henni þriggja mánaða uppsagnarfrestur og eigi hann þá rétt til umsamins kaups frá brottfarardegi til febrúarloka f. á. og er mál þetta höfðað til greiðslu þess.

Stefnd hefir í fyrsta lagi dregið í efa, að málið hafi verið lagt löglega til satta, þar eð í sáttakæru er krafizt kaups yfir tímabilið frá 1. okt. 1931 til ársloka þess árs, en í stefnu hinsvegar fyrir áður greint tímabil. Telur stefnd, að umrætt ósamræmi milli stefnu og sáttakæru geti varðað frávisun málsins ex officio, en hefir ekki krafizt frávisunar. En þar sem það kemur fram í vottorði sáttarnefndarmannanna, að satta hefir verið leitað um kaupkröfu fyrir tímabil það, sem í stefnunni greinir og

umboðsmaður stefndrar, við sáttaumleitunina hreyfði engum andmælum gegn því, þá verður ekki annað séð en að lögleg sáttaumleitun hafi farið fram um hina umstefndu kröfu og hefir því umrætt ósamræmi engin áhrif á framgang málsins.

Að því er efni málsins snertir hefir stefnd krafizt algerðrar sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar hjá honum að skaðlausu.

Heldur stefnd því fram og byggir í fyrsta lagi sýknu-kröfuna á því, að stefnandi hafi þegar „Vörubílastöðin í Reykjavík“ tók til starfa, gengið inn á vinnu hjá henni meðan uppsagnarfrestur hans við „Litlu Vörubílastöðina“ væri að líða. Reyndar hafi hann svo unnið nokkru lengur en með þeim kjörum að hægt væri að láta hann fara hvenær sem væri, og eigi hann því ekki eftir hinum síðari samningum kaup nema til brottfarardags. Hefir stefnd máli sínu til stuðnings lagt fram útdrátt úr fundarbók sinni. Samkvæmt útdráttum þessum hefir formanni á stjórnarfundi 7. apríl 1931 verið falið að reyna að fá stefnanda „til að vinna fyrir stöðina meðan á uppsagnarfrestinum stæði án þess að gefa honum vilyrði fyrir áframhaldandi vinnu“, og á fundi 14. sama mánaðar skýrir formaður svo frá, að stefnandi hafi gengið að því að vinna meðan á uppsagnarfrestinum stæði „án þess að hafa von um framtíðarvinnu við stöðina“. En gegn eindregnum mótmælum stefnanda eru umrædd gögn ekki nægileg sönnun þess, að nýr ráðningarsamningur hafi tekizt milli hans og „Vörubílastöðvarinnar í Reykjavík“, á þá leið, sem stefnd heldur fram og þykir því verða að ganga út frá því, að stefnandi hafi átt heimtingu á sömu kjörum hjá henni og hann hafði hjá Litlu vörubílastöðinni, ekki sist þar sem ráðningarkjör hans þar verða að teljast venjuleg, og ekki kemur annað fram, en „Vörubílastöðin í Reykjavík“ hafi gengið inn í réttindi og skyldur stöðva þeirra, sem stofnuðu hana. Framangreind sýknuástæða stefndrar verður því ekki tekin til greina.

Þá hefir stefnd í öðru lagi krafizt sýknu á þeim grundvelli, að stefnandi hafi ekki verið stöðu sinni vaxinn og hafi því verið rétt að víkja honum úr henni fyrirvaralaust. Hefir stefnd því til stuðnings lagt fram þrjú vottorð. Er eitt á þá leið, að stefnandi hafi flutt skilaboð skakt til vott-

orðsgefandans og á þann hátt bakað honum tjón og hefir það verið staðfest fyrir rétti. Hin tvö fjalla um það, að stefnandi hafi ekki staðið skil á peningum (kr. 30,00) er hann hafi tekið á móti vegna stöðvarinnar. En annar vottorðsgefandinn hefir ekki viljað vinna eið að því atriði vottorðs síns, sem að þessu litur, fyrir rétti, en hefir hinsvegar borið það, að honum hafi líkað vel við stefnanda sem afgreiðslumann. Þá hefir stefnandi lagt fram vottorð fjölmargra samverkamanna sinna við Litlu Vörubílastöðina og eins samverkamanns síns við Vörubílastöðina í Reykjavík, sem öll eru þess efnis, að hann hafi verið ábyggilegur og samvinnugóður starfsmaður og hefir vottorðum þessum ekki verið mótmælt sem óstaðfestum. Hefir stefndri því engan veginn tekizt að sanna, að stefnandi hafi verið rækur fyrirvaralaust úr starfi sínu, enda sést á fundagerðunum að það er ekki talin orsökinn til uppsagnarinnar, heldur fjárskortur, og verður þessi sýknuástæða stefndrar þá heldur ekki tekin til greina.

Úrslit málsins verða því þau, að stefnd verður fyrir hönd margnefndrar vörubílastöðvar dæmd til að greiða hina umstefndu upphæð með vöxtum eins og krafizt hefir verið svo og málskostnaðar, sem ákveðst kr. 150,00.

Vegna þess að bæjarþing hefir ekki verið haldið síðan 15. dez. f. á. hefir dómur eigi verið kveðinn upp í máli þessu fyrr en nú.

Föstudaginn 3. nóv. 1933.

Nr. 6/1933. **Jónas Hvannberg** (Pétur Magnússon)

gegn

**skiptaráðandanum í Árnessýslu, f. h.
protabús Friðriks Sigurðssonar og
útibúi Landsbanka Íslands á Selfossi**
(Th. B. Lindal).

Veðsetning talin falla undir sjálfsvörsluveð í heildarsafni hluta og metin ógild.

Úrskurður skiptaréttar Árnessýslu 15. nóv. 1932: Kröfur þessar verða eigi teknar til greina.